**Bekkur:** 5. bekkur

**Námsgrein:** Íslenska

**Kennarar:** Hildur Guðjónsdóttir, Hrafnhildur Tyrfingsdóttir og Margrét Rósa Friðbjörnsdóttir

**Tímafjöldi:** 6 tímar á viku

**Námsgögn:**
Orðspor 1 grunnbók og vinnubók
Lestrarbækur við hæfi hvers og frjálslestrarbækur
Skrift 5 og skriftaræfingar
Benjamín dúfa
Flökkuskinna
Ég er geimvera
Smellur
Stafsetningaræfingar
Skólavefurinn
Ýmis ljósrit frá kennara

**Lykilhæfni:**
*Unnið er eftir lykilhæfniviðmiðum Njarðvíkurskóla*
*Lykilhæfni er almenn hæfni nemenda óháð námssviðum en er aldurstengd*

| Námsflokkar | Hæfniviðmið | Kennsluhættir | Námsmat |
|---|---|---|---|
| Talað mál, hlustun og áhorf | *Nemandi geti:*<br>• þjálfist í framsögn, tjái eigin skoðanir, taki þátt í samræðum, hlusti af athygli og eigi góð samskipti<br>• geti nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt | • Nemendur koma fram og tjá sig, lesa skýrt upphátt auk þess að læra að hlusta af athygli<br>• Innlifunaraðferðir og tjáning: nemendur lifi sig inn í aðstæður og/eða tjái sig með einhverjum hætti | • Samvinna, sjálfstæði og framsögn<br>• Kynning á bókmenntaverkefni<br>• Framsagnarverkefni (einstaklings- og hópaverkefni) |
| Lestur og bókmenntir | *Nemandi geti:*<br>• geti lesið texta við hæfi með góðum hraða, af skilningi sér til ánægju og fróðleiks<br>• geti lesið gamlar og nýjar bókmenntir auk þess beitt hugtökum er fjalla um form og innihald ljóða s.s. ljóðstafi, rím og boðskap | • Nemendur lesa upphátt alla daga<br>• Nemendur skrifa frásagnir, skrifa sögu þar sem uppbygging ritunar er notuð<br>• Nemendur leysa lesskilningsverkefni<br>• Nemendur læra algeng hugtök í bragfræði og ljóð<br>• Lestrarsprettir | • Lesfimipróf<br>• Lesskilningur - leiðsagnarmat |

| | | | |
|---|---|---|---|
| Ritun | *Nemandi geti:*<br>• geti skrifað læsilega, beitt ákveðnum aðgerðum í ritvinnslu og notað orðabækur<br>• geti valið og skipulagt ólíka texta s.s. sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli og tekið þátt í skapandi skrifum og flutt þau fyrir samnemendur<br>• læri og geti beitt nokkrum atriðum stafsetningar | • Nemendur læra stafsetningarreglur og vinna verkefni s.s. eftir upplestri, villulausar æfingar<br>• Nemendur skrifa eftir forskrift í tengiskrift og vinna verkefni tengd því<br>• Sýnikennsla, kennari sýnir tiltekinn vinnubrögð eða aðferðir | • Stafsetningakannanir |
| Málfræði | *Nemandi geti:*<br>• átti sig á helstu einkennum og hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða.<br>• geri sér grein fyrir eigin máli, noti fjölbreyttan orðaforða í ræðu og riti og nýti sér málfræðikunnáttu við orðmyndun, tal og ritun<br>• geti notað orðtök og málshætti í ræðu og riti og geti gert sér grein fyrir fjölbreytileika málsins | • Nemendur vinna  fjölbreytileg málfræðiverkefni, ýmist sjálfstætt eða í hópum<br>• Þulunám og þjálfunaræfingar: þekking nemenda er könnuð og fest í minni, leikni þjálfuð og þekking efld á einhverju ákveðnu sviði | • Stuttar málfræðikannanir<br>• Yfirlitspróf |
| **Nánari upplýsingar um námsmat:**<br>Lesfimipróf í september, janúar og maí<br>Yfirlitspróf í maí<br>Lesskilningspróf (í okt, des. Mars og maí), en maí einkunn gildir<br>Símat í gegnum verkefnavinnu. | | | |